

## Nefndarálit

### um tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029.

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Geir Pétursson og Dagnýju Arnarsdóttur frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Guðjón Bragason, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í verkefnastjórn ráðuneytisins um gerð landsáætlunar, Kristínu Huld Sigurðardóttur og Þór Hjaltalín frá Minjastofnun Íslands, Hilmar J. Malmquist frá Náttúru-minjasafni Íslands, Einar Pálsson frá Vegagerðinni, Auði Magnúsdóttur frá Landvernd, Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur og Björn Traustason frá Skógræktinni, Gunnar Val Sveinsson og Önnu G. Sverrisdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Nefndinni bárust umsagnir frá Bláskógabyggð, Ferðamálastofu, Landssamtökum landeigenda á Íslandi, Landvernd, Leiðsögn – Stéttarfélagi leiðsögumanna, Minjastofnun Íslands, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum náttúrustofa, Skógræktinni, Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjöldgarði og Vegagerðinni.

Landsáætlun gildir til tólf ára og er sú fyrsta sem unnin er eftir að ný lög um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, nr. 20/2016, tóku gildi. Landsáætlunin felur í sér að reglulega verði unnin þriggja ára verkefnaáætlun þar sem tilgreint verði hvaða verkefni hverju sinni verði fjármögnuð. Nefndin telur það mikið framfaraskref sem geri framkvæmdaraðilum m.a. fært að skipuleggja framkvæmdir til lengri tíma en áður hefur verði hægt. Með áætluninni er verið að mæta brýnni og aðkallandi þörf fyrir skýra stefnumótun stjórnvalda um málefni ferðamannaáætlunar og flestir umsagnaraðilar eru jákvæðir gagnvart því að þetta mikilvæga mál skuli komið í farveg.

Fram komu athugasemdir þess efnis að þörf væri á að skýra betur hugtakið „ferðamanna- staður“ og hvaða álagspættir það væru sem helst stæðja að náttúru- og menningarminjum vegna ferðaþjónustu og útivistar. Í því samhengi komu einnig fram athugasemdir um ferðamannaáætlun í þéttbýli og skort á fjárveitingu til þeirra. Margir þeirra eru afar mikið sóttir af ferðamönnum þótt staðirnir séu ekki almennt vel kunnir sem ferðamannaáætlunir og alls ekki auglýstir sem slíkir en mikið notaðir af aðilum sem bjóða upp á afþreyingu fyrir ferðamenn, svo sem norðurljósaferðir, fjórhjólaferðir, hestaferðir o.s.frv. Það gefur auga leið að þessu fylgir mikið álag á innviði.

Athugasemdir komu fram þess efnis að mikilvægt væri að huga að tengslum við önnur verkefni hins opinbera við gerð landsáætlunar, t.d. að landsáætlun og samgönguáætlun þyrfti að samræma með tilliti til heildarmyndar og hagkvæmni rekstrar. Auk þess þarf í hvívetna að huga að öðrum opinberum áætlunum, svo sem stefnu um vernd náttúru- og menningarminja. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að þetta sé haft að leiðarljósi.

Fram kom það sjónarmið í umsögn að menningarminjar séu aukaafurð í umfjöllun áætlunarinnar og umsjónarhlutverk stjórnsýslustofnana verði stundum óljóst í ályktuninni. Nefndin bendir á að áætluninni er ætlað að vera stefnumarkandi um uppbyggingu innviða til verndar

bæði náttúru og menningarsögulegum minjum og leggur ríka áherslu á að gætt sé að vægi menningarminja með hliðsjón af lögum nr. 80/2012, um menningarminjar, við framkvæmd og endurskoðun áætlunarinnar.

Bent var á mikilvægi þess að varpa skýrara ljósi á hvernig byggja ætti upp fyrirhugað net ferðamannastaða sem tæki við þorra ferðamanna, svo sem fjölda staða, hvernig þeir yrðu valdir, hvernig lágmarksuppbyggingu yrði háttáð o.s.frv. Nefndin tekur undir að mikilvægt sé að greina hvað ferðamenn sem til landsins koma sækjast eftir að sjá og vanda til verka við skipulagningu og uppbyggingu á neti ferðamannastaða. Þá er nauðsynlegt að áætlunin styðji markmið stjórnvalda um dreifingu ferðamanna um landið í því skyni að draga úr álagi á einstaka ferðamannastaði.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Sara Elísa Þórðardóttir, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykk álit þessu.

Alþingi, 8. júní 2018.

Bergþór Ólason,  
form.

Hanna Katrín Friðriksson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir.  
frsm.

Ari Trausti Guðmundsson.

Jón Gunnarsson.

Karl Gauti Hjaltason.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir.

Vilhjálmur Árnason.